

## REGLUGERÐ

### fyrir Vatnsveitu Hraungerðishrepps.

#### 1. gr.

Vatnsveitan er eign Hraungerðishrepps. Heimili hennar og varnarþing er í Hraungerðishreppi.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sér um fjárreiður hennar og bókhald. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningnum ár hvert.

Heimilt er hreppsnefnd að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með henni, annist viðhald hennar og endurbætur að því marki, sem hreppsnefnd ákveður.

#### 3. gr.

Vatnsveitunni er ætlað að sjá íbúum hreppsins fyrir vatni til heimilisþarfa svo og til búþarfa á lögbýlum.

#### 4. gr.

Nýir notendur samkv. 3. gr. svo og þeir, sem óska eftir vatni til annarrar notkunar en um getur í 3. gr. skulu sækja um það til hreppsnefndar.

#### 5. gr.

Innheimta skal heimtaugargjald hjá nýjum notendum samkv. 3. gr. eftir sömu reglu og gert var í upphafi, sem á árinu 1986 var kr. 20 000,00 fyrir íbúð og kr. 30 000,00 fyrir bú, en verði kostnaður við heimtaug meiri en nemur heimtaugargjaldi greiðir notandi mismun samkv. reikningi.

Heimilt er að veita sumarhúsaeygendum afnot af vatnsveitunni. Heimtaugargjald ber þeim að greiða, er skal vera 50% af heimtaugargjaldi íbúðar en kosta skulu þeir vatnsæðar frá aðalveitu og halda þeim við.

#### 6. gr.

Enginn má tengja lög्न við vatnsveituna án leyfis hreppsnefndar. Flutningur á tenginum milli húsa greiðist eftir kostnaðarreikningi.

#### 7. gr.

Verðbreytingar milli ára á heimtaugargjaldi fara eftir breytingum á byggingarvísitölu og skal miða við byggingavísitölu í marsmánuði ár hvert.

#### 8. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum notanda, er innheimtist með fasteignaskatti og hefur sömu gjalddaga og hann.

Vatnsskattur skal vera:

	Kr.
Af íbúð . . . . .	560,00
Af sumarhúsum . . . . .	280,00
Af kúgildi í nautgripum . . . . .	28,00
Af fullorðnu svíni . . . . .	28,00
Af hverjum 5 kindum . . . . .	28,00
Af hverjum 100 hænum . . . . .	28,00

Aðra vatnsnotkun, sem hreppsnefnd ákveður gjaldskylda skal hún miða við fast gjald sé vatnsnotkun ekki mikil en í gegnum mæli sé um meiri háttar notkun að ræða.

Heimilt er hreppsnefnd að breyta gjaldskránni í samræmi við byggingavísitölu og skal þá miða við hana eins og hún er í byrjun hvers gjaldárs.

Greiði notandi ekki vatnsskatt á gjalddögum er hreppsnefnd heimilt að loka fyrir heimtaug hans.

9. gr.

Skylt er notendum að sjá um að vatn renni ekki að óþörfu og gera við vatnsæðar, sem bila í þeirra eigu og tilkynna oddvita eða umsjónarmanni ef vart verður leka í aðalæð eða heimtaug.

10. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, sem verða vegna vinnu við hana, takmörkunar á vatnsnotkun, náttúruhamförum eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun ef skortur er á vatni og loka vegna framkvæmda við hana.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 000,00 — tuttugu þúsund — nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hraungerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1987.*

F.h.r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*

## **GJALDSKRÁ**

### **fyrir Vatnsveitu Garðakaupstaðar.**

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðakaupstaðar, sem virtar eru fasteignamati og standa við götur eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr veitukerfi Vatnsveitu Garðakaupstaðar.

2. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðakaupstaðar, sem svo er ástatt um, sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.3% af fasteignamati húss og lóðar.